

SUMARFERÐIN

Þorvaldur Gylfason / Kristján Hreinsson

Hallveig Rúnarsdóttir sópran

Elmar Gilbertsson tenór

Snorri Sigfús Birgisson píanó

Að lifa er að gefa

Að lifa er að gefa með hjarta margt og mikið,
að magna hverja hugsun sem fegurð lífsins á,
að geta náð að skynja af alúð augnablikið;
þá ást sem býr í brjósti er stundir líða hjá.

Ef hugsunin er fögur og fær mig til að tárast
þá titrar í mér hjartað og sálin flýgur sátta,
því lífið hefur tilgang í ást sem aldrei klárast
en ævinlega blómstrar á lífsins besta hátt.

Ég mína trú á tilgang og fegurð fæ að játa
svo fagna ég því öllu sem lífið veitir mér.
Ef hjartað þiggur hlýju af gleði má ég gráta
og gjöfum lífsins deili ég auðvitað með þér.

Augnablikin læðast

Þú læðist út úr rökkri og sefar mína sál,
þú sýnir mér er hverfa hér flest mín vandamál
og tekur frá mér orku en eykur samt minn þrótt
þinn eldur hann er mátturinn sem lýsir mér um nótt.

Þín kristalstæra fegurð er kyrrð í minni sál,
þú kveikir hjá mér elda og tendrar ástarbál.
Ég veit ég hræðist tímann sem tekur þig frá mér
því tilfinningar mínar eru allar bundnar þér.

Þú kveikir hjá mér birtu um kvöld og snemma dags.
Ef kveðjumst við að morgni, þá sakna ég þín strax.
Þú vekur hjá mér ótta við það sem enginn sér
því augnablikin læðast hjá og taka þig frá mér.

Baðmurinn blíði

Ég sat hjá birkibaðmi
og beið um sumarkvöld,
ég fann í myrkum faðmi
svo frumstæð máttarvöld.
Er til mín nóttin náði
með náköld óttaský
í djúpri þögn ég þráði
að þiggja skjól á ný.

Hún vildi huga halda,
hún herti takið sitt,
þá náði krumlan kalda
að kreista hjartað mitt.
En blíðleg gyðja birtist
þá breyttist nóttin svört,
í skyndi veröld virtist
verða himinbjört.

Baðmurinn blíði

Í augunum var ylur,
eldur, von og þrá,
afl sem enginn skilur
en allir vilja fá.

Í laut hjá lífsins baðmi
var ljúft að vera til,
ég fékk í þínum faðmi
að finna skjól og yl.

Dans fiðrildanna

Í tímans rúmi leggur ljósið sig
og langur skuggi nætur verður dreyminn,
þú bíður þess að svefninn sæki þig
og svífi með þig inn í draumaheiminn.

Í faðmi svefnsins vaknar vitund þín
og verður einsog lind sem ekkert gruggar,
að hugans fylgsnum opnast innri sýn
og andi lífsins þig í raunum huggar.

Dans fiðrildanna

Sem fiðrildi þú snertir brosmild blóm
með blíðu sem þín undirvitund geymir,
þér finnst sem hjartað skynji innri óm
frá eilífð sem þinn veruleika dreymir.

Er svífur þú um lífsins draumadal
og döggin skín á heimsins blómakransi
þá skilur þú að vitund þín er val
sem vaknar upp af fiðrildanna dansi.

Einn tónn

Ég heyrði eitt sinn tón sem til mín sveif
frá töfraveröld djúpt í stjörnugeimi,
hann vakti þögn sem bjó í blíðri sál,
þá blómstraði í vitund huldumál.

Mitt hjarta þessi máttur með sér hreif
og mér var leyft að kynnast nýjum heimi
er féllu gleðitár í tímans bál.

Einn tónn

Því þessi eini tónn mér góðvild gaf
og gæska hans var stund á milli stríða,
er hugur minn sá blakta tímans tjöld
og tómarúmið fyllti nóttin köld
í myrkri þegar ég í sælu svaf,
svo sveif hann burt á leið um veröld víða
og hjartað fann að liðu ár og öld.

Einn tónn

Og ennþá hefur tónninn töframátt,
ég tryggð hans finn og gleymi vandamálum.
Við tímans bál ég frelsið finna má,
þá finn ég snark í eldi taktinn slá,
ég fer í hina einu réttu átt,
ég upp til himna flýg með fögrum sálum
er tóninn eina hjörtun hlusta á.

Einsemdin opnar gáttir

Aleinn með hugmyndum sit ég í svartasta myrkri
og sé það svo vel hvernig dagarnir koma í röð,
hér staldra þeir aldrei of lengi í vitund svo virkri
en vappa með hlýlegan svip eftir gleðinnar tröð.

Í ómældri víddinni taktfastir ljósgeislar titra
og tengja minn huga við áhrif frá eilífri gnótt
og einsemd mín sýnir mér vel hvernig vonirnar glitra
í vetrarins kyrrð einsog stjörnur um draumkennda nótt.

Í náttmyrkri veit ég að ekkert mun ást mína hindra
því einsemdin tryggir mér fullkomna vissu um það
að sól minnar gyðju í nálægri tíbrá skal tindra
og töfrarnir finna þar sál minni öruggan stað.

Fótspor á farvegi tímans

Í draumanna heimi hér sit ég á saltbrenndu túni
og sólgulur andvari gælir við hörundið mitt,
ég finn að minn hugur er sáttur við sitt
er sé ég hvar geislarnir dansa við andlitið þitt
og fáni úr orðlausri dulúð er dreginn að húni
af dásemd sem kemur á hraðferð úr myrkranna firð,
þá stækkar á túninu álagabletturinn brúni
í blómlegri þögn sem á athvarf í eilífri kyrrð.

Fótspor á farvegi tímans

Nú svífur af himnum einn trúður í blíðasta bláma
hann berfættur stígur af varúð á hárfínan streng,
og dansandi beygir hann kroppinn í keng.

Úr kolsvörtum stromphatti dregur hann sofandi dreng
sem sagður er glíma við ótta og tilvistartráma.

Og trúðurinn lætur hann síga í himneskan dún
svo sést vart á snáðanum unga ein einasta skráma
er andi hans faðmar í draumi hið saltbrennda tún.

Fótspor á farvegi tímans

Og trúðurinn leikur að heimsmyndum horfinna daga
og heldur á lofti sem boltum úr glitrandi snjó
en þú ert að vakna af draumi sem dó,
þú dáleiðir sál mína fulla af stóískri ró
er fúsleikinn leyfir þér auðvitað áfram að draga
þann anda sem sýnir þér fullkominn merkingarheim
á brothættri stund þegar lettruð er lifandi saga
með litríkri sýnd þar sem hugsanir fara á sveim.

Fótspor á farvegi tímans

Og trúðurinn syngur um draumanna falslausu fylki;
um flatneskju geymda í tindanna uppsprettulind.

En þú færð þess notið að nóttin er blind
er nakin hún ráfar um augnanna svarthvítu mynd.

Og trúðurinn iðar sem lirfa í lokuðu hylki
í ljósi sem flöktir í myrkri svo stingandi skært.

Er laglína trúðsins fær mátt sinn frá sálrænu silki,
þá sefur þitt hjarta í draumanna þeli svo vært.

Fótspor á farvegi tímans

Er öldungar viskunnar skynsamir farveginn skjögra
og sköpunarverk sitt fær trúðurinn dýrkað og dáð,
þá færð þú á túninu takmarki náð
og tilvera þín er með bergmáli daganna skráð
í lífsbók er reynir þú andhelgi þinni að ögra
og augu þín senda um loftið hið himneska blik.
Mót hásolum stjarnanna litskrúðug fiðrildi flögra
og fótsporin okkar með tímanum breytast í ryk.

Garður gæskunnar

Ég snúið hef baki við fólkskunnar auðlegð og arði
því uppskera hjarta míns varla í peningum finnast,
ég hlúi að plöntum í gæskunnar himneska garði
og gleðst þegar hugur minn andlega djásninu binst.

Og hugur minn ferðast um garðinn sem ljóðelskur lækur
þar lætur hann hljóma í hjartanu gleðinnar streng;
með fót sem ég klæðist og örfáar indælar bækur
af ástúð og þakklæti fegursta veginn ég geng.

Hér hlýt ég að launum þann anda sem ávallt mun dafna,
það yndi sem döprustu sporum í farsæld fær breytt.
Í gæskunnar garði með blessun ég böli því hafna
að burðast með það sem í rauninni er ekki neitt.

Harpa hjartans

Ég þarf, er býr í hörpu hjartans löngun ljúf og sár,
að líta yfir spölinn þann sem ég hef þegar gengið
og hugur minn hann flýgur gegnum öll hin liðnu ár
með unaðslega draumana sem ég hef hérna fengið.

Á langri ferð með anda mínum víst ég átti vö
er viskubrotin leyndust einsog perlur undir steinum,
en hugur minn var knúinn til að þræða þennan spöl
með þakklæti sem núna finnur skjól í lúnum beinum.

Harpa hjartans

Og þegar ég að lokum kem í garð á gróinn stað,
mun gleðihljómur strengja mínar sáru þrautir lina,
í sátt við hörpu hjartans verður þarft að muna það
að þessi leið var farin fyrir mig og alla hina.

Hjartað

Ég veit að myrkrið faðmar þig og augun eru björt
því eldinn þeirra dýrka ég og hitann vel ég þekki,
er hylja þessar perlur þínar skuggaskýin svört
þá skína þær í minni sál, þótt sjái ég þær ekki.


Þú ráfar um í auðninni og röddin þín er þíð,
í þoku dagsins hljómar hún í rökum hitamekki,
sá fagri ómur nær í gegnum bæði storm og stríð
þú strengi hjartans snertir, þó að orðin heyrist ekki.

Um kalda nótt í gleymdri borg er hjarta þitt svo heitt
að hlýja þín fær svifið upp frá jarðarinnar bergi
og sálin mín er sæl og glöð, hún skynjar aðeins eitt
því yllur þinn hann faðmar mig, þótt sjái ég þig hvergi.

Íslenska söngvabókin

Sextán söngvar
Sumarferðin

Öll lögin og ljóðin 39 verða
gefin út á bók og diskum 2023



Hjartalag

Ég heyri þitt hjartalag
hljóma um nótt sem dag
einsog það hafi alltaf lifað
í ómælisvídd með dásamlegum brag,
það tekur mig föstum tókum
og tælir með dýpstu rökum
og textinn er ljóð sem hjartað hefur skrifað.

Hjartalag

Þitt hjartalag heillar mest
í huga mér er það best
einsog það hafi öllu fórnað
í alheimsins leik og fengið stigin flest
með hægum og hreinum tónum,
það heillar mig upp úr skónum
og takturinn geymir stef sem hjartað stjórnar.

Hjartalag

Þitt hjartalag hæfir mér
því hugurinn með því fer,
óvenju tært og töfrum þrungið
í tilvist sem sýnir mér hvað ástin er,
það lifir sem ljós í dimmu
og logn eftir veðrin grimmu
því lagið þitt er af hreinu hjarta sungið.

Hljóðar bænir

Ég leiði þig frá haustsins köldu klóm
og kossar mínir snerta þig að nýju,
því þannig verður ást þín einsog blóm
sem alltaf þarfnast birtu, skjóls og hlýju.
Þú veist, ég færði þér forðum
fegurð mína í orðum,
þau öðlast núna yndislegan hljóm.

Hljóðar bænir

Af hreinni alúð ávallt verðum við
að vernda blómið; stöngul, blöð og rætur
er dreyminn hugur finnur skjól og frið
í faðmi ástar; langar, kaldar nætur.
Ég finn í tali og tónum
töfraljósið frá snjónum;
er orð mín hljóma eftir langa bið.

Hljóðar bænir

Er sálar minnar bjarmi birtist þér
þín blíða fagnar tímans þunga straumi
því þér er ljóst að kærleikskenndin er,
í kyrrð míns hjarta, bundin þínum draumi.

Á meðan sálin þín sefur,
og sælan örmum þig vefur
úr vitund þinni vorið aldrei fer.

Jökullinn

Upp úr öldum hafsins mót himinbláma rís
sem höll í landi guða, þakinn þéttum ís
hinn bjarti, fagri jökull með tign sem tælir þá
sem trúa á þann sannleik sem augun aldrei sjá.

Í faðmi blárra tinda ég týni sjálfum mér,
ég tekst á loft og áfram um draumaheim ég fer,
ég veit að þessi jökull hann geymir mikinn mátt,
hann magnar hverja hugsun og opnar hverja gátt.

Jökullinn

Himinninn hann verndar hin bláu, fögru fjöll
og fegurðin hún byggir úr jökli mikla höll,
því undir þykkum feldi himinbláminn býr,
í birtu sem er fögur og ótrúlega skýr.

Ég hugsa oft um fjöllin sem faðma mig að sér
og fegurðin hún eignast skjól í brjósti mér,
því jökullinn sem vakir hann verndar mína sál
og vitundin hún skynjar öll lífsins leyndarmál.

Laun lífsins

Á meðan þín ljósglæta stendur í stríði
og strit þitt að launum fær tildur og hjóm,
þá heyrir þú himneskan róm
sem huga þinn leiðir að bergmálsins klettum;
að lögmálum röngum og réttum
með reynslunnar leikrænu fléttum,
þess bíður þín dulúð að dagarnir líði
að dafni í hjartanu kærleikans blóm.

Laun lífsins

Þú skynjar að senn muni samviskan byrja
að sýna þér mátt sinn í daganna raun.

Þú þrammar um hégómans hraun
í heimi sem vitund þín þráir að skynja
er draumórahallirnar hrynja
og horfin er gæskunnar brynja,

þá finnst þér að viska þín verði að spyrja:

– Hvað vil ég frá lífinu hljóta í laun?

Laun lífsins

Er þarftu ei lengur þinn hernað að heyja,
í huganum verður sú spurningin næst
sem aðeins með einlægni fæst
er eldur af visku í náttmyrkri ljómar.

Sem spámannsins spaklegu dómar
þín spurning í bergmáli hljómar:

– Hvað gleður mitt hjarta er dagarnir deyja
og draumarnir hafa að endingu ræst?

Laun lífsins

Ef fegurðin líður um skýjanna skara
og skryðir þá birtu með silfraðri rós,
þá kveikir hún leiftrandi ljós
og laufið og stjörnurnar velja sér greinar.

Sem riddarans raðhvössu fleinar
þín röksemd í skýjunum veinar:

– Um dreifðustu byggðirnar drepsóttir fara
og draumarnir finna sér laut uppi í Kjós.

Ljóðið um veginn

Sástu þann sem varð á vegi þínum
og vildi allt hið besta gefa þér?
Hann gaf þér ögn af mildum mætti sínum,
hans mikla gæska aldrei leyndi sér.

Og sástu þann sem alla ólund hafði
og illsku vildi sá í hjarta þitt?
Hann lífshlaup þitt á vegi vonar tafði
og vildi fá að efla hatur sitt.

Ljóðið um veginn

Láttu aldrei vonsku hug þinn hrella
því henni skal af vegi þínum rutt,
þú situr kyrr ef grimmd þig fær að fella
en fyrir slíkt er lífið alltof stutt.

Já, láttu heldur þann sem fegurð færir
í faðmi þínum rækta heita þrá,
þá munt þú skynja ást sem endurnærir
þann yndislega heim sem þú vilt sjá.

Ný mynd af þér

Þú birtist einsog ljós í dyrum dagsins
og draumaskýin svífa yfir þér,
þér fylgir indæll söngur sólarlagsins,
ég sé að brosið þitt er ætlað mér.

Í skjóli dags ég sit og gef þér gætur
er gengur þú svo létt um okkar slóð,
sem rósrautt ský á himni hlýrrar nætur
í hjarta mínu kveikir vonin glóð.

Ný mynd af þér

Svo kemur nótt með óm af heitum hljómunum
og hugur minn um draumaveröld fer
þá birtist þú með fangið fullt af blómum
og fegurð heimsins verður mynd af þér.

Orðspor

Hér heggur þú spor þín með dögum í tíma sem tifar og tárin þín verða að regndropum, slyddu og snjó, mót þverhnípi lífsins svo bakpoka þínum þú bifar, já, burðast með eignirnar þínar að himneskri ró.

Með glerhýsin troðin af baktali, beiskju og slúðri fær berskjölduð þjóð þín að rækta sinn frostrósagarð en þú gengur veginn frá karpi og ómældu klúðri og kjagar að ætternisstapa með skjótfenginn arð.

Orðspor

Þín vitund með trega er hlekkjuð við erfiða ævi og auðlegð þú þráir þótt visni þitt dauðlega hold en vasar á líkklæðum eru víst aldrei við hæfi og orðspor þitt lifir þótt líkaminn hverfi í mold.

Því skaltu það hugsa, á meðan þú djásnið þitt dregur um daganna fagveg, hvers virði sú þrautseigja er sem trúir á hjóm, þegar arður er ómælanlegur af ástúð og visku – sem reyndar er falin í þér.

Ritstjóri ljóðviljans

Sem dugmikinn málsvara átti þig öreigastéttin
en aðra það hreldi að ljóðanna broddur gat stungið
og þegar þú kvaddir og birtist í fjölmiðlum fréttin
varð fólkið í landinu sorgmætt og alvöruþrungið.

En þegar til himna þú mættir með minningar þínar
á móti þér tók þessi alkunna heilaga þrenning
og Guð bað um jöfnuð og frið fyrir sálirnar sínar
og sýndi að uppi á himnum er blómstrandi menning.

Ritstjóri ljóðviljans

Um Valhúsaþæðina gengur hin græneygða stúlka og geymir í hjartanu manninn með mógula hárið hún lítur á krossinn og réttlát hún reynir að túlka öll rismiklu ljóðin sem ortirðu hérna um árið.

Er kvaddir þú heiminn, var líklega lágt á þér risið en lundin og heimspekin gátu þó auðvitað dugað því einu það gildir hvort holdið er vannært og visið ef vitundin geymir þann fögnuð sem ekkert fær bugað.

Þá veistu það

Að skoða stöðugt hvert þú ætlar ekki
sem eilíf þraut mun huga þínum reynast.
Ef óttinn þína sál fær sett í hlekki,
þá sérðu vart hvar tækifærin leynast.

Að geta stefnu fundið fótum sínum
mun farsæl lausn á brautum lífsins vera,
því skaltu geyma von í vösum þínum
og vita hvað þig langar til að gera.

Þú rýna skalt í augnabliksins anda
þá öllum spurningum mun hjartað svara.
Ef þráir þú að viskan leysi vanda
þá veist þú kannski hvert þú ert að fara.

Þrá

Það þiggur einhver mína hjálparhönd
og hljóða rödd sem innra með mér blundar,
þann heita straum sem bræðir klakabönd
og birtuna sem vaknar innan stundar.

Og einhvern laðar það sem helst ég hef,
það hugarþel sem ég vil fá að sýna
og einhvern kætir gleðin sem ég gef,
sú gæska sem er tengt við vitund mína.

Þrá

Víst geng ég jafnan út á ystu nöf
er alúð vil ég vinum mínum tryggja
og fögur hugsun er sú góða gjöf
sem gef ég öllum þeim sem vilja þiggja.

Og seinna meir í þraut mun þörfin sjást
er þagnar bergmál minna hljóðu skrefa,
þá skynjar kannski einhver sanna ást;
þann unað sem ég þrái helst að gefa.

Allt tekur enda

Myndverk eftir Vigni Jóhannsson

Þrjár spurningar

Hvert fótspor í mold er skrásett sem eilífur arður
og uppskera ljóssins sem stöðugt er tímanum háð.
En hefurðu séð hve lífið er litríkur garður,
hvar lótusum kyrrðar og glóandi fíflum er sáð?

Hér gildir í raun að þrauka án beiskju og bræði
að brosa mót sólu og dásama storma og regn.
En hefur þú snert þá fegurð sem færir þér næði,
já, friðinn sem ríkir og verður þér aldrei um megn?

Þú skynjar þitt ljós og sálin þín blómstrar hjá brunni
er birtan að eilífu þeytist um ómælis geim.
En hefurðu heyrt það bergmál frá blíðunnar grunni
sem breytir hér myrkri og kulda í töfrandi heim?